

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 33/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 55b (tilskipun ráðsins 94/57/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

(1) Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1997, bls. 175.

(²) Stjtið. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8.

- **397 L 0058:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september 1997 (Stjóð. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8).?”

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner